

Mánudaginn 30. maí 1949.

Nr. 146/1948. **Guðrún Ingibjörg Jóhannesdóttir f. h. sjálf-
ar sín og ólögráða dætra sinna, Elínar Aspar
og Hildu Bjarkar Jónsdætra** (Theodór B. Lindal)
gegn
**Bæjarstjórn Akureyrar f. h. bæjarsjóðs og
gagnsök** (Sveinbjörn Jónsson).

Bifreiðamál. Konu, sem bjó ógift með manni, er fórst í bif-
reiðarslysi, dæmdar dánarbætur svo og dætrum þeirra.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem fengið hefur gjafsókn í málinu, hefur skotið því til Hæstaréttar með stefnu 9. nóv. 1948. Krefst að-
aláfrýjandi þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða henni sjálfri kr. 88.000.00 og henni f. h. dóttur hennar Elínar Aspar kr. 15.000.00 og sömu fjárhæð f. h. dóttur hennar Hildu Bjarkar ásamt 6% ársvöxtum frá 16. apríl 1948 til greiðslu-
dags. Svo krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. jan. 1949, krefst *aðallega* sýknu af öllum kröf-
um aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hennar fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar. *Til vara* krefst hann þess, að dæmd fjárhæð í héraði verði lækkuð eftir mati Hæsta-
réttar og aðaláfrýjanda dæmt að greiða málskostnað, eins og getur í aðalkröfu.

Jón Rósmundsson, sem hlaut bana af slysi því, er í málinu getur, vann í þágu gagnáfrýjanda að flutningi slökkviliðsbif-
reiðar hans norður í land. Ekki er í ljós leitt, að bifreiðar-
slysið hefði orðið, þótt ökumaður hefði sýnt fulla aðgæzlu. Ber gagnáfrýjandi því bótaábyrgð í máli þessu samkvæmt 1. og 2. málsg. 34. gr. sbr. 35. gr. laga nr. 23/1941, og þykja ekki efni til að skipta ábyrgðinni.

Gagnáfrýjandi, Guðrún Ingibjörg Jóhannesdóttir, og Jón Rósmundsson höfðu búið saman ógift frá því á árinu 1933 og

þar til er slysið varð í ársbyrjun 1947 og átt saman þær tvær dætur, er í málinu greinir. Ekkert er fram komið, er bendi til þess, að breyting væri í vændum á sambúð þessari, enda voru þau og að endurbæta og auka húsnæði fjölskyldunnar, er slysið varð. Að svo vöxnu máli þykir aðaláfrýjandi eiga rétt til bóta fyrir missi framfærslu vegna dauða Jóns Rósmundssonar samkvæmt 2. málsg. 264. gr. laga nr. 19/1940, og hefur sá skilningur stuðning í ákvæðum laga nr. 50/1946. Við ákvörðun bótanna þykir þó bera að líta til þess, að sambandi aðaláfrýjanda og Jóns Rósmundssonar verður ekki að fullu jafnað til hjúskapar.

Aðaláfrýjandi hefur sundurliðað kröfu sína þannig, að kr. 85.000.00 eru bætur fyrir missi fyrirvinnu, þjáningar hennar og óþægindi af völdum slyssins svo og röskun á stöðu hennar og högum, en kr. 3000.00 til greiðslu útfarar Jóns Rósmundssonar. Þykja bæturnar fyrir fyrirvinnumissinn og röskun á högum aðaláfrýjanda hæfilega ákveðnar kr. 23.000.00 og útfararkostnaður eins og í héraðsdómi segir.

Börn aðaláfrýjanda og Jóns Rósmundssonar hafa hvort um sig fengið 800 krónur á ári auk verðlagsuppbótar samkvæmt lögum um almannatryggingar, frá því að slysið varð, og haldast þær greiðslur til 16 ára aldurs barnanna. Bætur fyrir fyrirvinnumissi og röskun á högum úr hendi gagnáfrýjanda til handa Elínu Ösp, sem er fædd 5. marz 1934, þykja eftir atvikum hæfilega ákveðnar kr. 10.000.00 og sams konar bætur til handa Hildu Björk, sem er fædd 26. nóv. 1935, kr. 11.500.00. Ber að dæma gagnáfrýjanda til greiðslu framangreindra fjárhæða ásamt vöxtum af hverri fjárhæð, eins og krafizt hefur verið. Einnig ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 5500.00, þar af kr. 2000.00 til talsmanns aðaláfrýjanda í héraði, kr. 2500.00 til talsmanns hennar í Hæstarétti og kr. 100.00 í ríkissjóð fyrir dómgjöld.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, bæjarstjórn Akureyrar f. h. bæjar-sjóðs, greiði aðaláfrýjanda, Guðrúnu Ingibjörgu Jó-

hannesdóttur, sjálfri kr. 25.500.00, henni f. h. dóttur hennar Elínar Aspar Jónsdóttur kr. 10.000.00 og f. h. dóttur hennar Hildu Bjarkar Jónsdóttur kr. 11.500.00 ásamt 6% ársvöxtum af hverri fjárhæð frá 16. apríl 1948 til greiðsludags. Einnig greiði gagnáfrýjandi kr. 5500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar af kr. 2000.00 til talsmanns aðaláfrýjanda í héraði, Jónasar G. Rafnars hdl., kr. 2500.00 til talsmanns hennar í Hæstarétti, Theodórs B. Línalds hæstaréttarlögmans, og kr. 100.00 í ríkissjóð.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 29. október 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 26. okt. sl., var höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu hinn 16. apríl 1948 af Guðrúnu Ingibjörgu Jóhannesdóttur, Linnetsstíg 4, Hafnarfirði, vegna sín og ólöggráða dætra sinna, Elínar Aspar og Hildu Bjarkar, gegn bæjarstjórn Akureyrar vegna Akureyrarkaupstaðar til greiðslu skaðabóta vegna bifreiðarslyss, sem varð við Húnsstaðalæk 18. jan. 1947. Var stefnan birt Þorsteini M. Jónssyni, forseta bæjarstjórnar Akureyrar. Hinn reglulegi héraðsdómari, Friðjón Skarphéðinsson, vék sæti í málinu með úrskurði í fyrsta þinghaldi hinn 19. apríl sl. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 28. apríl sl., var svo Magnús Jónsson hdl. skipaður til þess að fara með málið og dæma það.

Stefnandi gerir þær dómkröfur vegna sín og dætra sinna, að þeim verði tildæmdar samtals 118.000.00 kr. skaðabætur frá Akureyrarkaupstað auk 6% vaxta frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags vegna dauða Jóns Rósmundssonar, Linnetsstíg 4, Hafnarfirði, sem fómst í bifreiðarslysi, er brunabifreið í eigu Akureyrarkaupstaðar rann út af þjóðveginum við Húnsstaðalæk á Ásum í Húnaþingi 18. jan. 1947. Einnig krefst stefnandi málskostnaðar samkv. reikningi eða eftir mati dómara. Stefnandi hefur fengið gjafsókn í málinu.

Stefndur hefur krafizt sýknunar af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir reikningi eða mati dómara. Til vara krefst stefndur þess, að synjað verði algerlega um bætur til handa Guðrúnu Ingibjörgu Jóhannesdóttur og aðrir kröfufliðir lækkaðir. Til ýtrustu vara er þess krafizt, að bótakrafa Ingibjargar verði stórlega lækkuð. Jafnframt verði málskostnaður látinn niður falla eða aðeins tildæmdur að hluta.

Sáttatilaun reyndist árangurslaus.

Málavextir eru þessir samkv. lögregluskýrslu þeirri, er fram hefur verið lögð í málinu, og upplýsingum aðilja:

Að kvöldi hins 17. jan. 1947 héldu þeir Erlendur Halldórsson brunaeftirlitsmaður í Hafnarfirði, og Jón Rósmundsson bifreiðarstjóri, Linnetsstíg 4, Hafnarfirði, af stað frá Hafnarfirði með slökkviliðsbifreiðina A-832. Var bifreið þessi eign Akureyrarkaupstaðar, og hafði Erlendur sérstaklega verið beðinn að sjá um flutning hennar til Akureyrar, en Jón verið ráðinn honum til aðstoðar til Blönduóss.

Fyrir lögreglurétti Húnavatnssýslu 18. jan. sl. skýrir Erlendur svo frá ferðalagi þeirra félaga og tildrögum slyssins, að þeir hafi lagt af stað frá Hafnarfirði kl. rúmlega 8 hinn 17. janúar. Hafi þeir skipzt á um að aka bifreiðinni, 1½—2 tíma hvor. Námu þeir staðar á nokkrum stöðum, drukkukaffi og borðuðu brauð, sem þeir höfðu meðferðis, og hvíldu sig nokkra hríð. Eftir að þeir fóru frá Fornahvamm, námu þeir aðeins staðar til þess að skipta um sæti. Án frekari hvílda óku þeir þannig samfleytt til kl. um 15.30 hinn 18. jan., er slysið varð. Kveður Erlendur þá hafa ekið hægt alla leiðina, en hvorugur þeirra muni hafa verið þreyttur eftir þessa löngu keyrslu, því að þeir hafi sofið í bílnum til skiptis. Áfengis neyttu þeir ekki. Veður var gott norður fyrir Holtavörðuheidi, en þá fór nokkuð að hvesa. Ekki er þess getið í réttarprófum, hvort hálka hafi verið mikil, en keðjur voru á afturhjóllum bifreiðarinnar, og Erlendur getur þess, að hann hafi „hálfpartinn“ verið að hugsa um að setja keðjur á framhjólín í Fornahvamm, en bæði Jón og Páll Sigurðsson, bifreiðarstjóri þar, hafi ekki talið þess þörf.

Erlendur kveður það hafa verið venju þeirra að stanza við hverja brú, og sá, sem ekki stýrði, gætti þess sín megin, að billinn strykist ekki við, en þeir hafi alltaf ekið með hægum gönguhraða í kraftgír yfir brýrnar. Erlendur var við stýrið, er þeir komu að mjórri brú yfir svokallaðan Húnsstaðalæk á þjóðvegnum á Ásum í Húnaþingi. Kveðst Erlendur þá hafa sagt við Jón Rósmundsson: „Þú gætir að þín megin“. Ekki heyrði hann Jón svara og telur, að hann kunni að hafa sofið, en aðgætti það þá ekki nánar. Kveðst hann hafa fundið, að billinn aðeins straukst við vinstra megin, þar sem Jón sat. Leit hann þá yfir til vinstri og sá, að billinn mundi vera tæpt á vegbrúninni vinstra megin. Reyndi hann þá að sveigja billinn til hægri inn á veginn, en tókst það ekki, og tók billinn allt í einu „svikk“ til vinstri og rann um leið út af vegbrúninni vinstra megin. Rann billinn þarna skáhallt út af vegkantinum, sem er allhár, og lagðist rólega á hliðina. Erlendur reis upp í sætinu, er hann sá, hvað verða vildi, og tók vinstri hendi um stigann ofan á bílnum, en hélt hægri hendi um stýrið, og slapp hann ómeiddur. Við veltuna féll Jón Rósmundsson út úr bílnum. Varð hann ekki undir honum, en líklegt, að stiginn hafi slegizt í höfuð hans. Lá hann hreyfingarlaus, og rann blóð úr vitum hans, og við nánari aðgæzlu sá Erlendur, að Jón mundi örendur. Hjúp hann þá til næsta bæjar og símaði til sýslumanns. Kom hann ásamt lækni á slystaðinn um klukkustund seinna. Reyndist þá Jón dáinn.

Bifreiðin var látin liggja óhreyfð til næsta dags, er rannsóknardómari-
inn tilkvaddi tvo menn til þess að athuga allar aðstæður. Staðfesta þeir
skýrslu Erlends um sennilegar orsakir slyssins. Kom í ljós við athugun á
bifreiðinni daginn eftir slysið, að sprungið var á vinstra framhjól. Telur
Erlendur það án efa aðalorsök þess, að bifreiðina dró svo úr höndum hans
yfir til vinstri. Í fyrsta réttarhaldi hafði hann talið sennilegt, að steinn
hefði orðið fyrir vinstra framhjólina og kippt bifreiðinni út á vegarbrún.
Inn á veginn gat hann ekki sveigt aftur, því að svell var undir hjólunum
hægra megin og snarpur vindur á þá hlið. Vinstra framhjólíð muni síðan
hafa „naggað“ í vegbrúninni, þar til er bifreiðin, sem er um 6 metrar á
lengd, fór alveg út af, en hún lagðist á hliðina um 16 metra frá brúnni.
Alla þessa leið seig bifreiðin áfram í kraftgír. Í veltunni mun bifreiðin
hafa kastast nokkuð lengra yfir til vinstri en í hvíldarstöðuna og hrokkið
aftur til baka. Telur rannsóknardómariinn þetta yfirkast „sennilega og
eðlilega“ skýringu á rothögginu.

Stefnandi telur slys þetta bótaskyldt samkvæmt VI. kafla bifreiðalaga og
samkv. almennum reglum skaðabótaréttarins og Akureyrarkaupstað bóta-
skyldan sem eiganda bifreiðarinnar og vinnuveitanda beggja umræddra
bifreiðarstjóra. Stefnur hefur hins vegar mótmælt því, að sérregla 34.
gr. bifreiðalaga geti átt hér við.

Það er sannað í málinu, að Jón Rósmundsson hafi verið ráðinn til þess
að aðstoða við flutning bifreiðarinnar norður. Vera hans í bifreiðinni var
því óhjákvæmileg vegna starfs hans. Hin ríka bótaábyrgðarregla 34. gr.
bifreiðalaganna frá 1941 er að vísu þar aðeins talin ná til fólks utan
bifreiðarinnar og farþega gegn borgun, en Hæstiréttur hefur túlkað
ákvæði gr. þannig, að þau geti einnig náð til manna, er ferðast með bif-
reið beinlínis vegna starfa í þágu eiganda hennar eða umráðamanns.
Verður því að telja Jón Rósmundsson hafa notið verndar þessa laga-
ákvæðis.

Til álita kemur þá, hvort hin súbjektívu bótaskilyrði séu hér fyrir
hendi. Lögregluréttarrannsóknin er að mörgu leyti ófullkomin, og verður
um öll tildrög slyssins að byggja á skýrslu bifreiðarstjórans sjálfs. Aðiljar
hafa þó ekki mótmælt þeirri skýrslu eða reynt að afla frekari upplýsinga.
Stefndur hefur hins vegar haldið því fram, að báðir bifreiðarstjórnarnir
hafi borið sömu ábyrgð á flutningi bifreiðarinnar og hugsanleg vangæzla
sé því jafnt sök Jóns og Erlends. Þar sem ekki er upplýst, hvort veruleg
hálfka hafi verið á veginum, verður ekki um það dæmt, hvort ógætilegt
hafi verið að hafa ekki keðjur á framhjólum bifreiðarinnar, þótt það
reynðar sýnist hafa átt sinn þátt í slysinu. Sökin af þeirri vangæzlu
verður að skiptast jafnt á báða bifreiðarstjórana með hliðsjón af ómót-
mæltum framburði Erlends um það atriði. Aftur á móti er ekki hægt að
telja Jón Rósmundsson hafa borið neina ábyrgð á stjórn bifreiðarinnar,
þegar slysið varð, því að hverju sinni hlýtur sá bifreiðarstjóri, sem bif-
reið stjórnar, að bera ábyrgð á akstri hennar.

Ekki mun hafa verið höfðað opinbert mál gegn Erlendi Halldórssyni,

en það þarf þó hvorki að útiloka bótaskyldu eiganda bifreiðarinnar né vera því til sönnunar, að slysi hefði ekki orðið afstýrt með ýtrustu varkárni. Bendir enda ýmislegt til þess, að ekki hafi verið sýnd nægileg gætni við akstur bifreiðarinnar, er slysið varð. Úr því að bifreiðarstjórnarnir voru vanir að sofa til skiptis, var ástæða fyrir Erlend að athuga, hvort Jón væri vakandi, áður en hann ók út á brúna. Það verður einnig að teljast gáleysi að nema ekki staðar, þegar bifreiðarstjórinn fann bílinn strjúkast við brúna, heldur aka áfram 16 metra vegarlengd frá brúnni með annað framhjólíð finnanlega utan í allháum kantinum, þegar þess enn fremur er gætt, að ísing virðist hafa verið hægra megin á veginum og því litlar líkur til að sveigja bifreiðina inn á veginn, úr því að framhjólín voru keðjulaus. Ef bifreiðin var í kraftgir á hægum gönguhraða, átti að vera hægt að stöðva hana samstundis. Verður því ótvírætt að telja ósannað í málinu, að slysi hefði eigi orðið afstýrt, þótt ökumaður hefði sýnt fulla aðgæzlu og varkárni. Hefur ekki fyrir réttinum verið færð nein frekari sönnun fyrir varkárni bifreiðarstjórans en um getur í framburði hans sjálfs.

Með hliðsjón af þessu verður að telja bótaskyldu stefnds ótvíræða samkv. 34. sbr. 35. gr. bifreiðalaga, auk þess sem almennar reglur um ábyrgð vinnuveitanda á verkum starfsmanna geta einnig komið hér til greina.

Þótt trygging hafi verið keypt fyrir Jón Rósmundsson sem bifreiðarstjóra, útilokar það ekki frekari bótaskyldu eiganda bifreiðarinnar og vinnuveitanda hans, einkum þegar þess er gætt, að það er athöfn annars starfsmanns sama vinnuveitanda, sem veldur fjörtjóni hans. Þótt stefnendur, sem hinn látni hafði á framfæri sínu, hafi fengið lögboðnar dánarbætur frá Tryggingastofnun ríkisins, útilokar það ekki rétt þeirra til frekari bóta frá eiganda bifreiðarinnar, en hafa ber hliðsjón af því, að ekki virðist tjóni hafa verið valdið með refsiverðum verknaði, og verður því aðeins um að ræða bætur fyrir beint fjárhagstjón vegna missis framfæranda.

Það er sannað í málinu, að stefnandinn, Guðrún Ingibjörg Jóhannesdóttir, og hinn látni voru ekki gift, heldur höfðu þau búið saman ógift frá árinu 1933 og átt saman tvær dætur, Elínu Ösp, fædda 5. marz 1934, og Hildu Björk, fædda 26. nóv. 1935. Á framfæri þeirra Jóns og Guðrúnar var einnig dóttir hennar, Erna Ragnarsdóttir, fædd 31. des. 1928, nú sjúklingur á Vífilsstaðahæli. Samkv. framlögðu vottorði fulltrúa bæjarfógetans í Hafnarfirði er fjárhagur Guðrúnar mjög slæmur. Frá tryggingastofnuninni hefur hún fengið kr. 15.345.00 í dánarbætur, Elín Ösp hefur fengið kr. 10.074.00 og Hilda Björk kr. 14.060.00, sem er kapítalíseraður lífeyrir þeirra til 16 ára aldurs.

Kröfur stefnanda í málinu eru sundurliðaðar þannig:

1. Bætur til ekkjunnar Guðrúnar I. Jóhannesdóttur fyrir missi fyrirvinnu, þjáningar hennar og óþægindi og röskun á stöðu og högum kr. 85.000.00.

2. Jarðarfararkostnaður kr. 3000.00.
3. Bætur til Elinar Aspar fyrir föðumissi og fyrirvinnu og röskun á stöðu og högum kr. 15.000.00.
4. Sams konar bætur til Hildu Bjarkar kr. 15.000.00.

Ad 1. Stefnundur hefur algerlega mótmælt bótarétti Guðrúnar Ingibjargar Jóhannesdóttur, þar eð hún hafi ekki verið lögleg eiginkona hins látna og hann því ekki lögskyldur framfærandi hennar. Verður að nokkru leyti að taka þessi mótmæli til greina, þótt ekki geti talizt heimilt að álykta e contrario frá ákvæðum 58. gr. 1. um almannatryggingar frá 1946. Er þó raunar í þeirri grein staðfest, að ógift kona sé um bótarétt sett skör lægra en gift. Er enda í framfærslulögum framfærsluskyldan bundin við hjónaband. Samt verður ekki talið rétt að synja konu, sem um langan tíma hefur búið með manni sem eiginkona væri og alið honum börn, um bætur vegna tjóns, er hún ótvírætt verður fyrir við fráfall hans. Upplýst er, að þau Jón og Guðrún hafi búið saman í 14 ár og Jón auk þess tekið til framfærslu barn hennar og annars manns. Allar þeirra fjárreiður virðast hafa verið sameiginlegar, og konunni verður að teljast réttmætt eftir svo langar samvistir að miða ráðstafanir sínar við framhald þess ástands. Með hliðsjón af öllum aðstæðum og ríkjandi anda í félags- og framfærslulöggjöf þykir því rétt að veita stefnanda bótarétt sín vegna, hafi hún beðið sannanlegt tjón við fráfall Jóns Rósmundssonar, umfram bætur frá tryggingunum, sbr. og heimild 264. gr. alm. refsilaga, þótt réttarstaða hennar að þessu leyti verði samt ekki talin söm og giftrar konu. Krafa hennar um kr. 85.000.00 skaðabætur umfram framlag trygginganna hefur ekki verið rökstudd nægilega og verður að teljast allt of há miðað við allar aðstæður. Þrátt fyrir itrekaða fresti í málinu hefur ekki tekizt að afla nánari upplýsinga um efnahag konunnar og fjárhagslegt samband hennar og hins látna en greinir í vottorði fulltrúa bæjarfógetans í Hafnarfirði, sem upplýsir þetta ekki nægilega. Eftir öllum atvikum er því ekki hægt að dæma Guðrúnu Ingibjörgu Jóhannesdóttur hærri bætur en kr. 15.000.00 úr hendi stefnds vegna röskunar á stöðu hennar og högum.

Ad 2. Ekki hefur fengizt sundurliðaður reikningur yfir greftrunar-kostnað. Þykir sá liður hæfilega áætlaður kr. 2500.00.

Ad 3 og 4. Framfærsluskylda hins látna gagnvart dætrum sínum er ótvíræð. Miðað við aldur þeirra og þær bætur, sem þær þegar hafa fengið, þykir hæfilegt að tildæma hvorri um sig kr. 8000.00.

Dæma ber stefndan til greiðslu vaxta að upphæð 6% frá stefnudegi til greiðsludags. Einnig ber honum að greiða stefnanda kr. 2000.00 í máls-kostnað.

Dráttur sá, sem varð á flutningi málsins, stafaði af miklum önnum setudómarans við störf í Reykjavík.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Þorsteinn M. Jónsson, forseti bæjarstjórnar Akureyrar, vegna Akureyrarkaupstaðar, greiði stefnanda, Guðrúnu Ingibjörgu

Jóhannesdóttur, persónulega kr. 17.500.00 og vegna ófjárráða dætra hennar, Elínar Aspar og Hildu Bjarkar, kr. 8000.00 til hvorrar um sig auk 6% vaxta frá 16. apríl 1948 til greiðsludags og kr. 2000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför.

Mánudaginn 30. maí 1949.

Nr. 162/1946. **Jónas Sveinsson**
 gegn
Vígkoni Hjörleifssyni og
Guðmundi Þorkelssyni.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jónas Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. maí 1949.

Nr. 98/1948. **Jón Gauti**
 gegn
Bæjarstjórn Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Gauti, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.